# 539. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps
# haldinn Strandgötu 38, 12. mars 2019
# og hófst hann kl. 18:00.

**Fundinn sátu:**
Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

## Dagskrá:

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðun, svo er ekki. Einnig óskaði oddviti eftir afbrigði við dagskrá, að fundargerð vegna 27. fundar Fræðslu-, menningar-, íþrótta- og æskulýðsnefndar verði tekin fyrir í lið 6. Sömuleiðis óskar oddviti eftir að bæta við lið 9. sem fjallar um verðmat og sölu íbúðar við Miðtún 2. Aðrir liðir færast niður. Samþykkt samhljóða

1. **Fundargerðir 2019 Samband íslenskra sveitarfélaga - 1901337**

   *Samþykkt samhljóða*

2. **Fundargerðir 2019 Ranniba - 1902533**

   *Samhljóða samhljóða*

3. **Fundargerðir 2019 Náttúrustofa Vestfjarða - 1902512**

   *Samþykkt samhljóða*

4. **Fundargerðir 2019 Hafnasambandi Íslands, - 1901330**

   *Samþykkt samhljóða*

5. **Fræðslu-,menningar-,íþrótta-, æskulýðsnefnd - 26 - 1902004F**

   *Samþykkt samhljóða*

   5.1 1902420 - Leikskólasýning hjá Skoppu og Skrítlu

   Nefndin tekur vel í erindið og felur sveitarstjóra að finna aur í málið og svara Skoppu og Skrítlu.

   5.2 1902600 - Trúnaðarmál

   5.3 1902599 - Starfsmannamál Tálknafjarðarskóla

   5.4 1902355 - Starfsmannaviðtöl febrúar 2019

   Sveitarstjóri sagði frá viðtölum við alla starfsmenn Tálknafjarðarskóla

   5.5 1902606 - Upplýsingagjöf skólastjóra

   5.6 1902581 - Fundargerð SNS og Félags íslenskra hljómlistarmanna

5.7 1902578 - Bréf félags- og barnamálaráðherra vegna vinnu við stefnumótun í málefnum barna

5.8 1902594 - Frumvarp til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda - drög

5.9 1812038 - Félagsmálastjóri og íþrótta og tómstundafulltrúi

Páll fer vítt og breytt yfir störf íþrótta- og tómstundafulltrúa í sveitarfélaginu.

**6. Fræðslu-,menningar-,íþrótta-, æskulýðsnefnd - 27 - 1903002F**

*Sveitarstjórn harmar þá stöðu sem upp er komin í Tálknafjarðarskóla. Fráfarandi skólastjóra Sigurði Erni Leóssyni er þakkað fyrir sitt framlag til skólans og honum óskað alls velfarnaðar. Nýr skólastjóri Gunnþór E. Gunnþórsson er boðinn velkominn til starfa. Sveitarstjórn styður Fræðslu-, menningar-, íþrótta- og æskulýðsnefnd í þeirri ákvörðun að fresta stefnumótunarvinnu skólans meðan allir eru að ná tökum á nýjum hlutverkum en áréttar nauðsyn þess að í hana verði svo farið af fullum þunga og leiðarljósið verði alltaf að skapa afburðagóðan skóla.*

*Samþykkt samhljóða*

6.1 1902599 - Starfsmannamál Tálknafjarðarskóla

Trúnaðarmál

**7. Fundargerðir 2019 Velferðarráð - 1901217**

*Samþykkt samhljóða*

**8. Ísland ljóstengt 2018 Umsóknarferli ljósleiðari - 1710020**

*Sveitarstjóra falið að ræða við Snerpu og leggja ýtarlegri upplýsingar fyrir næsta fund.*

*Samþykkt samhljóða*

**9. Miðtún 2 verðmat - 1811104**

*Sveitarstjóra er falið að auglýsa íbúðina til sölu, fá fyrst annað verðmat til viðmiðunar.*

*Samþykkt samhljóða*

**10. Árshátíð starfsmanna 2019 - 1903001**

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða*

**11. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Vestfjarðarstofa - 1811100**

*Sveitarstjóri falið að ræða við aðila*

*Samþykkt samhljóða*

**12. Ósk um tilnefningu í samráðshóp hjá Vestfjarðarstofu - 1902536**

*Sveitarstjóra falið að vera fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í samráðsnefndinni.*

*Samþykkt samhljóða*

**13. Forkaupsréttur að sumarhúsum ICA - 1903002**

*Sveitarstjórn fellur frá forkaupsrétti, samþykkt samhljóða*

**14. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1902453**

Fundir og ráðstefnur

Stjórnarfundur í Ranniba, undirbúningur vegna nýrrar úthlutunar úr sjóðnum,
Fundur með bæjarstjóra Vesturbyggðar og Slökkvistjóra sveitarfélaganna vegna nýrra brunavarnaáætlunar.
Fundur með fulltrúa Vestfjarðarstofu og oddvita Tálknafjarðarhrepps vegna verkefnis um samfélagsmiðstöðvar.
Skype fundur með Mengunarvarnarráð hafna
Símafundir með Haraldi Reynissyni endurskoðanda Tálknafjarðarhrepps
Námskeið í skjalastjórnun
Fundur með lögfræðingum Sambands. Ísl. Sveitarfélaga vegna til lífeyrismála og gjaldskráa.
Opinn fundur um „þorpaverkefnið“ með Silju Baldvinsdóttur starfsmanni Vestfjarðarstofu.
Langur vinnufundur um samninga milli sveitarfélagana með Rebekku Hilmarsdóttur sveitarstjóra Vesturbyggðar.
Fundur með forstjóra Arnarlax.
Ótal fundir og samtöl vegna skólamála.
Að venju vikulegir fundir með Oddvita og við hafa svo bæst nokkrir fundir með formanni fræðslunefndar og félagsmálastjóra.

Verkefni frá síðasta fundi sem ekki eru komin í farveg eða óleyst.

Ráða hafnarvörð ? auglýst aftur, umsóknarfrestur til 20. mars.
Vinna í lífeyrismálum vegna Hjallastefnunnar ? Er i vinnslu, verið að vinna í sameiginlegri niðurstöðu þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga, hef farið fram á milligöngu Samb. Ísl. Sveitarfélag í málinu.
Undirbúa lokauppgjör 2018. Koma áætlun 2019 inn í kerfið og lagfæra áætlun 2018 ? er í farvegi. Endurskoðendur munu mæta á skrifstofuna 20. ? 22. mars og til stendur að ljúka við ársuppgjör 2018.
Fara markvist í gegnum málakerfið og loka og leysa mál ? ekki byrjuð.
Auglýsa Bugatún grunn, Brekku og Valhöll, Nýjibær undirbúningur ? Grunnurinn í Bugatúni er komin á sölu, eftir að klára Brekku og Valhöll.
Bjóða út vinnu við grænu svæðin ? ekki búið.
Framkvæmdir við fráveitu á höfninni ? Jóhann byggingarfulltrúi hefur verið í fríi, reikna með geta farið í undirbúning á þessu verkefni á næstu vikum.

Framundan:

Ráða skólastjóra og vera afleysingaskólastjóra innan handar fram á vor.
Ljúka uppgjöri 2018 með endurskoðendum.
Klára að koma innra rekstrareftirliti í farveg.

**15. Til umsagnar tillöga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, 184. mál. - 1902603**

**16. Hjólasöfnun Barnaheilla 2019 ? Beiðni um samstarf - 1902587**

**17. Styrkumsóknir Opnað fyrir styrkumsóknir 1. mars í Norræna jafnréttissjóðinn - 1902466**

**18. Heimsmarkmið SÞ og sveitarfélögin á Vestfjörðum - 1902555**

**19. Stefna og framkvæmdaráætlun Velferðarráðs - 1901263**

**20. Ársreikningar 2015-2016-2017 - 1902534**

**21. Til umsagnar - Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl. - 1902607**

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00.**

| | |
|---|---|
| Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) | Guðni Ólafsson (GÓ) |
| Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ) | Björgvin Smári Haraldsson (BSH) |
| Lilja Magnúsdóttir (LM) | Bryndís Sigurðardóttir (BS) |